

Viljayfirlýsing um byggingu þjóðarhallar í innanhússíþróttum

Ríkið og Reykjavíkurborg eru sammála um að ráðast í byggingu þjóðarhallar í innanhússíþróttum í Laugardal, hér eftir nefnd þjóðarhöll. Um er að ræða þjóðarhöll sem uppfyllir kröfur fyrir alþjóðlega keppni í innanhússíþróttagreinum auk þarfa Reykjavíkurborgar fyrir aðstöðu fyrir skóla og íþróttafélög.

Ríki og Reykjavíkurborg munu tryggja fjármögnun á stofnkostnaði í sínum langtímaáætlunum. Kostnaðarmat mun liggja fyrir eftir frumathugun og endanlega hönnun. Kostnaðarskipting milli ríkis og Reykjavíkurborgar um framkvæmdir og rekstur mun taka mið af nýtingu mannvirkisins sem og þeirra krafna sem hvor aðili hefur, ríkið vegna þarfa sérsambanda og alþjóðlegra krafna til keppnisaðstöðu landsliða og Reykjavíkurborg vegna þarfa íþróttafélaga og íþróttakennslu. Fyrir liggur greining á þörfum sérsambanda ÍSÍ fyrir æfingar og keppni landsliða. Einnig liggur fyrir greining á þörfum Reykjavíkurborgar vegna íþróttafélaga og íþróttakennslu skóla.

Aðilar munu sameiginlega stofna framkvæmdanefnd um þjóðarhöll í innanhússíþróttum. Nefndin mun sjá um frumathugun og undirbúning á fyrirkomulagi byggingaframkvæmdar mannvirkisins s.s. vegna hönnunar, tæknilegrar útfærslu, rekstrarforms og hvernig staðið verður að fjármögnun. Þá eru aðilar sammála um að standa sameiginlega að hugmyndasamkeppni um útfærslu á hönnun mannvirkis og últiti. Kanna þarf til hlítar aðra notkunarmöguleika mannvirkisins.

Stefnt skal að því að framkvæmdum sé lokið árið 2025.

Reykjavík 6. maí 2022

Katrín Jakobsdóttir
forsætisráðherra

Ásmundur Einar Daðason
mennta- og barnamálaráðherra

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri